

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Veidifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



Dags eftirlits	10.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Veidifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Móeiðarhvoll 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jaunius Valiukénas	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirliti: 1) Rekstraraðili er ekki með umhverfismarkmið. 2) Ársyfirliti var skilað inn með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 23. júlí 2024 og telst því frávikinu lokað. 3) Skráningar ekki fullnægjandi, engar skráningar með staðfestingu á þjálfun starfsmanna. 4) Engar mælingar voru teknar árið 2023. 5) Fosfór losun reiknaðast 9,7 kg P/tonn út frá fóðri, mörkin eru 7 kg P/tonn. 6) Áætlun um meðhöndlun úrgangs var ekki til staðar.

Þrjár ábendingar voru gerð í eftirlitinu:

- Töluvert af fóðri var í settjörn. Rekstraraðila var bent á að tæma hana reglulega svo hún virki sem hreinsibúnaður.
- Fimm stórar bleikjur voru í settjörnninni og var rekstraraðila bent á að fjarlægja þær í burtu úr settjörnninni.
- Rekstraraðila var bent á að taka til á lóðinni og fara með óþarfa rusl í förgun.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til eldis með 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og að hámarki 20 tonna ársframléiðsla að Eyjarlandi.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur, ný gjaldskrá – kynning

1. Eitt frávik kom fram við eftirlit árið 2023. 1) Dauður fiskur úr eldisstöðinni fannst við frárennsli stöðvar, við setgildru og settjörn. Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Ein ábending varðar að skriflegur samningur þarf að liggja fyrir hjá þeim aðila sem tekur á móti dauðum fiski, og sá sem tekur dauðfiskinn til meðhöndlunar þarf að hafa öll tilskilin leyfi til að taka á móti honum. Samningur þarf að vera aðgengilegur rekstraraðila við eftirlit. Endurskoða þarf áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. 2) Önnur ábending var sett fram vegna skila í árskýrslu. Í starfsleyfi er gerð krafa á að taka þarf sýni og mæla efnainnihald við inntak í stöð og útrás frárennslis, tvisvar á ári. Er það gert við hámarksfóðrun og lágmarksfóðrun. Við skil ársyfirlits má láta fylgja með afrit af niðurstöðum hjá þeim sem sér um mælingarnar.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu

3. Rekstraraðili er ekki með umhverfismarkmið. Framleiðsla fyrir árið 2023 var 18,1 tonn og var því framléiðslan undir hámarks lífmassa sem er 20 tonn. Notað var 22,5 tonn af fóðri sem gerir fóðurstuðul 1,2. Ársyfirlit var skilað 24. apríl 2024, en upplýsingar voru ófullnægjandi. Heildarlífmassa vantaði í

skráningar. Engar skráningar fyrir staðfestingu á þjálfun starfsmanna lá fyrir í eftirliti. Losun á fosfór og köfnunarefni var ekki skráð í ársyfirlitið. Engar sýnatökur tengdar losun á fosfóri og nitri voru teknar fyrir árið 2023. Minnt var á að starfsleyfishafi eigi að taka tvær sýnatökur árlega, við hámarks og lágmarkslífmassa. Og að við skil á ársyfirliti er gott að láta afrit af niðurstöðum mælingja fylgja með því.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 9,7 kg P/tonn og 52,4 kg N/tonn. Losun á fosfór er yfir leyfilegum mörkum sem eru 7,0 kg P/tonn samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.

6. Stöðin lítur vel út að innan en töluvert af rusli er á útisvæðinu sem mætti flokka og farga á viðeigandi hátt. Þrír tankar af dauðfisk eru á svæðinu sem er frá því í vetur. Í settjörn eru 5 stórar bleikjur sem komast ekki í burtu því fyrir neðan hana er fiskigildra. Fóðurleyfar eru í settjörnninni og er hún vel lífræn.

7. Efni eru geymd í læstri geymslu og í lekabyttum. Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu og efnaskápar merktir á viðunandi hátt.

8. Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
<b>gr. 2.1. í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Umhverfismarkmið ekki til staðar.
<b>gr. 3.4 í starfsleyfi</b>	Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara yfir 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Losun fosfórs út frá fóðri var í 9,7 kg P/tonn og er því yfir mörkum.
<b>gr. 4.4 í starfsleyfi.</b>	gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirliti var skilað innan tiltekins tíma en með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 23. júlí 2024 og telet því frávikinum lokað.
<b>gr. 3.10 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlun var ekki til staðar.
<b>gr. 4.10 í starfsleyfi.</b>	Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. Engar skráningar voru til staðar.
<b>gr.4.3 í starfsleyfi.</b>	Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá

stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Engar mælingar voru fyrir árið 2023.

## ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerð í eftirlitinu:

- 1) Settjörn er orðin töluvert lífræn og töluvert af fóðri var í settjörninni. Rekstraraðila var bent á að tæma hana reglulega svo hún virki sem hreinsibúnaður.
- 2) Fimm stórar bleikjur voru í settjörninni og var rekstraraðila bent á að fjarlægja þær í burtu úr settjörninni.
- 3) Rekstraraðila var bent á að taka til á lóðinni og fara með óþarfa rusl í förgun.

## ANNAÐ

### Annað:

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 12.08.2024

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir

